

GJALDSKRÁ

**fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu
og heimæðargjald í Vesturbyggð**

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,25% af fasteignamati íbúðahúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 47/2000, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Notkunargjald.

Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 13,00 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 505,3 stig og breytist árlega og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	6.344 kr.
20-24 mm	8.428 kr.
25-31 mm	10.614 kr.
32-39 mm	12.688 kr.
40-49 mm	16.959 kr.
50-74 mm	50.988 kr.
75-99 mm	55.258 kr.
100 mm og stærri	59.518 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 505,3 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Heimæðargjald.

<i>Utanmál</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	228.117 kr.	4.880 kr./m
40 mm	296.216 kr.	5.561 kr./m
50 mm	399.492 kr.	6.243 kr./m
63 mm	560.649 kr.	7.717 kr./m
75 mm	784.222 kr.	10.777 kr./m
90 mm	948.795 kr.	17.020 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu bygg-

ingarkostnaðar 505,3 stig og breytist í byrjun hvers árs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Vesturbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi óbirt gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vesturbyggðar frá 1. janúar 2010.

Vesturbyggð, 29. apríl 2011.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2011